1863. 28. febrúarm. yðar, að engin heimild sè fyrir því í lögum, að jafna greindum aukaskatti á hús þau, er að ofan eru nefnd.

---

28. febrúarm. **15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist til kaups.**

Með brèfi 29. októberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar bænarskrá frá Ásmundi prófasti Johnsen í Odda, um að eyðijörðin Efriströnd í Rangárvalla sýslu verði seld Odda brauði til eignar, annaðhvort fyrir hæsta boð það, er gjört var við uppboð, er haldið var yfir jörðinni 24. maím. f. á., en það voru 81 rdl., eður fyrir það kaupverð, sem óvilhallir menn ákveði, og hafið þèr meðal annars getið þess, að þareð þèr hafið álitið, að ekki beri að leggja samþykki á hæsta boð það, er gjört var við uppboð þetta, þá hafið þèr þegar áður en þèr fenguð bænarskrá þá, sem áður er getið, skrifað sýslumanni um að bjóða upp jörðina til afnota fyrir árlegt afgjald um 5 ár, og að heimta sanngjarnt afgjald af þeim manni, er hefir haft afnot jarðarinnar síðan uppboð það fór fram, er haldið var 1856, og borga það fè í jarðabókarsjóðinn með öðrum sýslugjöldum.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það beiðandanum, að með því stjórnarráðið sökum ásigkomulags jarðar þeirrar, sem hèr er um rætt, fellst á ráðstöfun þá, er þèr hafið gjört, þá verður það, sem um er sótt, eigi veitt.